

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Bannað er að leggja ökutækjum beggja vegna Ráðhústraðar frá gatnamótum við Skólaveg, norðan megin austur að vegg er snýr að Stakkagerðistúni, en sunnan megin austur að innkeyrslu að nýjum bílastæðum skammt austan við Alþýðuhúsið.
2. Leyfilegur hámarkshraði á Ráðhúströð frá Skólavegi að Kirkjuvegi verður 30 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 14. febrúar 2003.

Karl Gauti Hjaltason.